

## Tímamót í 26 ára keraframleiðslu



Ker númer 500.000 var afhent Geert Gregersen framkvæmdastjóra keraleigufyrirtækisins Dansk karudlejning

**P**romens Dalvík hefur náð þeim merka áfanga að framleiða Sæplastker númer 500.000 og 500.001 og voru þau afhent tveimur af dyggum viðskiptavinum verksmiðjunnar með viðhöfn í ágúst.

### Dyggir notendur Sæplastkeranna

Ker númer 500.000 var afhent Geert Gregersen en hann er framkvæmdastjóri keraleigufyrirtækisins Dansk karudlejning í Esbjerg í Danmörku sem hefur þúsundir kera í fjölbreyttri útleigu til viðskiptavina. Fyrirtækið notar eingöngu Sæplastker í starfsemi sinni en útgerðir og fiskverkendur í Esbjerg hafa haft mikil viðskipti við verksmiðjuna á Dalvík í yfir 20 ár.

Ker númer 500.001 var afhent Magnúsi Kristinssyni, útgerðarmanni hjá Berg-Huginn í Vestmannaeyjum en fyrirtæki hans hefur um áraradur notað Sæplastker í skipum sínum. Bergur-Huginn er meðal

öflugustu útgerðarfyrirtækja hér á landi og hefur fengið margar viðurkenningar fyrir starfsemi sína, til að mynda umhverfisverðlaun LÍÚ, viðurkenningu á sjávarútvegssýningunni 2008 sem framúrskarandi íslensk útgerð.

### Einn gámur af kerum á dag

Framleiðsla Sæplastkeranna á Dalvík byggðist á sínum tíma á þjónustu við sjávarútveg og hóf fyrirtækið fljótt innreið á erlenda markaði. Fyrirtækið framleiðir nú 20-30 gerðir af kerjum á Dalvík.

Verksmiðjan hefur á þessum 26 árum notað um 26 þúsund tonn af hráefnum til framleiðslunnar. Það gefur hugmynd um umfangið að einn gámur af kerum hefur farið til viðskiptavina á hverjum framleiðsludegi í þessi 26 ár.

## Tækninám fyrir atvinnuleitendur



Svana Helen Björnsdóttir framkvæmdastjóri Stika

**Vinumálastofnun í samstarfi við SI, SA, Viðskiptaráð, háskóla landsins og tækni- og hugverkafyrirtæki standa að verkefni sem felur í sér að gefa áhugasömum atvinnuleitendum tækifæri til náms í tækni- og raungreinum. Vinumálastofnun greiðir skóla- og skráningargjöld í eitt skólaár fyrir atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins og eru á atvinnuleysisskrá.**

### Fundir í fyrirtækjum

Samtök iðnaðarins skipulögðu fundi fyrir atvinnuleitendur hjá þeim fyrirtækjum sem koma að áttakinu en þau eru: Ístak hf., Stiki ehf., Roche NimbleGen, Bláa lónið, CCP hf., Héðinn hf., Marel Food, Marorka, ORF Líftækni og Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar.

Fundirnir voru haldnir dagana 19. til 24. ágúst og mæltust vel fyrir. Aðsókn var þó minni en vonir stóðu til og því nýttist ekki framlag allra fyrirtækja í þetta sinn. Áhugi er á að efla þetta samstarf og bjóða atvinnuleitendum á hverjum tíma þetta úrræði.

Boðið er upp á nám í fjölmörgum greinum við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands, auk náms við Háskólann á Bifröst á frumgreinasviði og námslínu um nýsköpun og við frumgreinasvið Keillis.

framhald bls. 5

bls. 2

Leiðari

bls. 3

Hækkun á matvælum í kortunum

bls. 4

Er tækninám dýrt?

bls. 6

Ný fôðurverksmiðja Líflands á Grundartanga

bls. 7

Fátt eykur verktökum bjartsýni

# Náum hagstæðum samningi



**Helgi Magnússon**  
formaður SI

Full ástæða er til að fagna samþykkt ráðherraráðs Evrópusambandsins frá í júlí um að hefja viðræður við Ísland um aðild okkar að ESB. Aðild Íslands að ESB og upptaka evru sem gjaldmiðils í stað krónu hafa verið á stefnuskrá Samtaka iðnaðarins um árabíl.

Þess er vænst að hagsmunaaðilar og stjórnvöld taki höndum saman um að vanda allan undirbúning vegna samningaviðræðnana með það að markmiði að ná sem hagkvæmustum samningi við ESB. Mikilvægt er að ljúka því ferli sem hafið er með hagstæðum

samningum fyrir allar atvinnugreinar og almenning á Íslandi þar sem hagsmuna Íslendinga verði gætt í hvívetna.

Einhverjir stjórnámálmenn hafa látið sér til hugar koma að heppilegast væri fyrir Íslendinga að draga aðildarumsóknina til baka og hverfa frá því samningsferli sem hafið er. Það væri afar óskynsamlegt og yrði ekki til annars en að rýra álit á landsmönnum á alþjóðavettvangi enn frekar en orðið er. Íslendingar yrðu sér til minnkunar með slíku framferði enda verður því tæplega trúað að stjórnámálmenn sem vilja láta

taka sig alvarlega muni halda slíku fram þegar á reynir.

Stjórnámálmenn, stjórnslan og fulltrúar hagsmunaaðila á ýmsum sviðum þjóðfélagsins þurfa að sýna ábyrgð, sameina krafta sína og standa saman um að ná sem hagstæðustum samningi við Evrópusambandið.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu mun svo þjóðin hafa síðasta orðið.

Eru unnendur lýðræðis nokkuð hræddir við það?

## Er botninn heppilegur áfangastaður?

Fjármálaráðherra hefur birt fjölda blaðagreina til að gleðja okkur landsmenn og freista þess að sannfæra okkur um mikinn árangur af störfum núverandi ríkisstjórnar.

Ástæða er til að gleðjast með ráðherranum yfir því sem jákvætt er eins og þeirri staðreynd að vextir hafa lækkað verulega, krónan hefur styrkst og hafnar eru viðræður við ráðherraráð Evrópusambandsins um aðild Íslands.

Nefnt er að atvinnuleysið er ekki eins mikið og svartsýnustu spár gerðu ráð fyrir. Það gleður ekki nægilega. Á meðan meira er 13 þúsund manns eru án atvinnu yfir hábjargræðistímann að sumri, er ekki ástæða til að gleðjast. Þá má ekki gleyma þeim þúsundum sem hafa horfið af vinnumarkaði og flutt úr landi.

Þar er bæði átt við Íslendinga sem hafa haldið til nágrennalandanna í atvinnuleit og einnig hefur brotthvarf útlendinga verið umtalsvert.

Þá má ekki gleyma því að við þurfum að skapa um tvö þúsund ný störf hér á landi á ári næstu 10 árin og það gerist ekki af sjálfu sér. Því er grátlegt að horfa upp á ítrekaðar tafir og seinkanir vegna stórra fjárfestinga sem skapað gætu þúsundir starfa.

Þá hafa ráðamenn fagnað því sérstaklega „að botninum sé náð“. Vissulega eru Íslendingar nú á botninum. En er það eftirsóknarvert? Er líklegt að við séum eitthvað á leið af botninum með núverandi atvinnustefnu, skattastefnu og fjárfestingarstefnu stjórnvalda? Svárið við því er nei.

Því verður ekki trúað að botninn sé talinn áhugaverður áfangastaður.

### Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
8. tbl. 16. árg. ágúst 2010  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 26.8.2010  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson  
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

# Hækkun á matvælum í kortunum

Síðustu tvo mánuði hefur verið á kornvörum á heimsmarkaði hækkað mikið. Á sumum vörum nemur hækkin allt að 50% og enn meira ef horft er til verðbreytinga frá vormánuðum. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, segir þessar hækkanir hafa víðtæk áhrif á matvælaíðnað í landinu og neytendur.


„Þessi þróun er afar óheppileg. Hún kemur á sama tíma og verðbólga er að hjaðna auk þess sem vonast er til að jákvæður viðsnúningur sé að eiga sér stað í efnahagslífinu.“ Bjarni Már segir óljóst hversu mikil og langvarandi áhrif þetta muni hafa en ljóst að þau verða nokkur. „Greiningadeildir bankanna hafa metið mögulega hækkan á matvælaverði vegna þessara hækkana á heimsmarkaði. Þær benda til að matvæli unnin úr korni geti hækkað um allt að 6-10% á næstu tveimur mánuðum. Verðhækkanir á hveiti hafa mest verið til umræðu en sama á við um ýmsar aðrar hrávörur. Þannig hafa vörur eins og kaffi, bygg,

hrísgrjón og soja líka verið að hækka verulega,” segir Bjarni og bendir á að fóðurverð geti líka hækkað sem aftur geti leitt til hækkana á fugla- og svínakjöti.

Aðspurður um framhaldið segir Bjarni að aðstæður séu nokkuð óljósar. „Framan af ágúst mánuði voru sérfræðingar á hrávörumörkuðum á þeirri skoðun að þessar hækkanir væru verðbólga sem myndi springa fyrir en síðar. Síðan kom í ljós að aðstæður í Rússlandi voru verri en talið var og verulegur uppskerubrestur á hveiti hefur átt sér stað í Þýskalandi vegna rigninga en þar er helsta uppspretta hágæða brauðhveitis í Evrópu. Af þessum sökum telja margir að verð fari ekki að lækka á ný fyrr en með nýrri uppskeru 2011. Við verðum samt að vona að verstu spár rætist ekki og að hækkanir gangi til baka. Við þurfum síst á því að halda núna að fá hærri mataræikninga. Til skamms tíma virðist nokkur hækkan hin vegar vera óhjákvæmileg,” segir Bjarni Már að lokum.



## Velta í matvælaíðnaði 2004-2010



Heimild: Hæstofa Íslands

Matvælaíðnaður vegur þungt í þjóðarþúskapnum. Annars vegar er framleiðsla fiskafurða mikilvæg útflutningsafurð en hins vegar er almenn framleiðsla á matvælum fyrir innanlandsmarkað víðtæk. Athyglisvert er að skoða hvernig þessi grein hefur þróast síðustu ár.

Í fyrsta lagi er greinin nokkuð stöðug þó að augljósar árstíðasveiflur séu á markaðnum. Greinin virðist ennfremur standa kreppuna betur af sér en margar aðrar greinar bæði í heild sinni en ekki síður sem hlutfall af heildarumsvifum í efnahagslífinu. Skiptir þar mestu að við tekjusaðrátt minnkar neysla á matvælum minna en á öðrum vörum.

## Framhald af forsiðu Tækninám fyrir atvinnuleitendur



Hjá Marorku

### Vaxandi hugverkaiðnaður

Hugverkaiðnaðurinn er orðinn ein af stoðum íslensks viðskiptalífs og var árið 2009 fimmtungur af útflutningstekjum Íslendinga. Þrátt fyrir þetta er fjöldi tæknimenntaðra hér á landi langt undir meðallagi miðað við nágrannalönd okkar. Þetta kemur fram í gögnum Hagstofu Evrópusambandsins, en þar eru Þjóðir eins og Danir, Finnar og Írar mjög ofarlega á lista.

Takmörkuð nýliðun tæknimenntaðs fólks hamlar vexti margra greina iðnaðarins, sérstaklega í hugverkaiðnaðin-

um. Fyrirtæki í Samtökum iðnaðarins hafa vaxandi áhyggjur af þessu. Skortur á tæknimenntuðu fólki dregur úr möguleikum á uppbyggingu iðnaðarins og arðbærum og verðmætum störfum. Mikil eftirspurn er eftir slíkri menntun hjá fyrirtækjum og á hún á eftir að aukast enn frekar á næstu árum. Gert er ráð fyrir að það þurfi um 3.000 nýja tæknimenntaða einstaklinga á íslenskan vinnumarkað innan hugverkaiðnaðar á næstu þremur árum.

## Nýir félagsmenn




Netkerfi og tölvur  
Steinhlið 7c  
603 Akureyri

Ecoprocess Nord  
Skeifunni 9  
108 Reykjavík

Tölvuský Greencloud  
Grjótagötu 7  
101 Reykjavík

Vistvæn orka ehf.  
Mosarima 31  
112 Reykjavík

## Eitt af 11 heitustu sprotafyrirtækja heims



**Nýtt íslenskt sprotafyrirtæki** í hugbúnaðargeiranum, Greencloud ehf., mun opna fyrsta umhverfisvæna tölvuský heims síðar á þessu ári.

Í júní sl. var Greencloud valið í hóp ellefu heitustu sprotafyrirtækja heims á sviði tölvuskýja af tæknivefnum GigaOm.com. Þessi viðurkenning kemur í kjölfar fleiri áfanga sem fyrirtækið hefur náð á

fyrstu mánuðum starfsemi sinnar. Í mars varð fyrirtækið í þriðja sæti í alþjóðlegri lyfturæðukeppni MIT, sem haldin var í Reykjavík. Mánuði síðar var Greencloud valið ásamt fimm öðrum framúrskarandi íslenskum sprotafyrirtækjum til að halda kynningu á fjárfestinginu SeedForum og í maí fékk Greencloud styrk frá Tæknipróunarsjóði.

Tölvuský eins og það sem Greencloud býður uppá snýst um að bjóða notendum að kaupa tölvuafl og geymslupláss í sjálfsafgreiðslu. Þetta getur haft gríðarlegan sparnað í för með sér fyrir fyrirtæki, því þau þurfa þá ekki að greiða háar fjárhæðir fyrir vélbúnað. Þau borga aðeins fyrir virka notkun og geta stækkað og minnkað við sig eins og þau vilja án nokkurra skuldbindinga.

### Sparar orku og peninga

Hugbúnaður og vélbúnaður Greencloud verður keyrður alfarið innan íslenskra gagnavera, sem standa vel að vígi á heimsvísu vegna þeirrar endurnýjanlegu orku sem hér er að finna sem og hengtugs hitastigs sem dregur úr orkuþörf og kælingu búnaðarins. Þannig nýtir fyrirtækið einstakar aðstæður sem Ísland eitt státar af auk þeirra öflugu nettenginga sem nú eru í boði milli Íslands, Evrópu og Norður-Ameríku.

Hugmyndafræði Greencloud byggist á því að ná betri orkunýtingu en verið hefur, auk þess sem búnaðurinn sjálfur er eins umhverfisvænn og kostur er.

Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is)